

Umgengnisreglur í leiguíbúðum Húnaþings vestra

1. gr.

Íbúar húseigna Húnaþings vestra og gestir þeirra skulu ganga um sameign, garða og bílastæði af snyrtimennsku og virðingu fyrir öðrum íbúum. Sérstaklega skal gæta að húsfriði milli klukkan 23:00 og 07:00. Íbúar skulu sjá til þess að gestir á þeirra vegum fari að reglum þessum í hvívetna.

2. gr.

Gangar í sameign eru ætlaðir til umgangs að og frá íbúðum. Óheimilt er að nota þá sem leiksvæði eða sem geymslu fyrir muni, skófatnað eða rusl. Reiðhjól, kerrur og vagnar skulu geymdir í þar til gerðum geymslum eða í sérgeymslu viðkomandi íbúða ef við á. Óheimilt er að skilja eftir sorp á lóðinni utan þeirra sorptunna sem fyrir eru. Allt endurvinnanlegt sorp skal flokkað í tiltekna sorptunnur.

Bílastæði eru eingöngu ætluð fyrir nothæf ökutæki. Ökutæki og önnur tæki geta verið fjarlægð af bílastæðum ef þurfa þykir, s.s. vegna plássleysis, notkunarleysis o.þ.h.

Hleðsla á rafhlaupahjólum og sambærilegum búnaði er óheimil innandyra.

Óheft aðgengi skal vera að dyrabjöllum og póstkössum en læst inn í sameign. Útihurðir skulu ávallt vera lokaðar.

3. gr.

Íbúar skulu í sameiningu kappkosta að halda sameign snyrtilægri og skiptast á að gera hreint og halda geymslum í horfi, þar sem við á. Óhreinki íbúi eða gestir hans sameign umfram það sem eðlileg umgengni hefur í för með sér skal íbúinn sjá til þess að hreinsa óhreininð eins fljótt og auðið er. Reykingar innandyra eru bannaðar. Gæludýr skulu ekki valda nágrönnum ónæði eða óþrifnaði á húsnæði og lóð. Vísað er til samþykkt um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

4. gr.

Íbúar skulu sjá um þrif á sameign og umsjón með ruslatunnum til skiptis í viku í senn samkvæmt vikuskipulagi hvernar húseignar. Íbúar sjá einnig um hirðingu lóðar eftir þörfum.

Eftirtalin verk falla undir vikulegar skyldur við sameign:

- Ryksuga og skúra sameign (1 skipti)
- Þurrka ryk úr gluggakistum, af póstkössum o.þ.h. og pússa gler (1 skipti)
- Eftirlit með ruslatunnum

5. gr.

Hafi íbúi ekki tök á að sinna skyldum sínum þá viku sem honum er ætluð, skal hann gera ráðstafanir til að verkum sé sinnt, t.d. með því að skipta eða semja við aðra íbúa. Takist það ekki skal íbúi semja við annan aðila um hreingerningu gegn greiðslu kostnaðar.

Sjái íbúar ekki um þessi atriði er Húnaþingi vestra skylt að sjá til þess að sameign sé þrífín og lóð sé hirt. Íbúar greiða sinn hlut í raunkostnaði í samræmi við fermetrafjölda íbúðar.

6. gr.

Brot á reglum þessum teljast til brota á húsleigusamningi. Endurtekin brot varða riftingu samningsins. Heimilt er að ganga að tryggingagreiðslu vegna skemmda eða vangreiddar leigu.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi Umgengnisreglur í fjölbýlishúsum frá 14. júní 2012

Samþykkt með fullnaðarafgreiðslu byggðarráðs 27.7.2025